

Stofnfundur faghóps um rafræna opinbera þjónustu.

Haldinn miðvikudaginn 28. janúar 2009 kl. 16.30 að Engjateigi 9, neðstu hæð.

Dagskrá

1. Fundur settur

Halla Björg Baldursdóttir setti fund og tilnefndi Eggert Ólafsson sem fundarstjóra.

Fundurinn samþykkti Eggert sem fundarstjóra með lófaklappi.

Eggert tók til máls og tilnefndi Guðfinnu B. Kristjánsdóttur sem fundarritara. Hann kynnti þau gögn sem dreift hafði verið á borðin til fundarmanna og sagði frá dagskrá fundarins.

2. Kynning á markmiðum faghópsins

Halla Björg fór yfir aðdragandann að stofnun hópsins sem rekja má til ráðstefnu á vegum Skýrslutæknifélagsins sem haldin var í mars 2008. Þar kom fram að Ísland er neðarlega á lista þegar borin er saman rafræn opinber þjónusta í ýmsum löndum.

Í máli Höllu Bjargar kom fram að annar hvati að stofnun hópsins er nýleg stefna ríkisstjórnarinnar "Netríkið Ísland" og sá þriðji er efnahagsástandið sem kallar á aukna samvinnu opinberra aðila.

Halla las þau markmið sem hafa verið skilgreind fyrir faghópinn.

3. Kynning á samþykktum fyrir faghópinn

Guðfinna fór yfir tillögur að samþykktum fyrir hópinn.

Fram kom tillaga um að breyta orðinu móðurfélag í 2.gr. í Skýrslutæknifélagið.

Framlögð tillaga að samþykktum hópsins var samþykkt með framkominni tillögu að breytingu.

4. **Stjórnarkjör**

Eggert kynnti tillögu að fyrstu stjórn faghópsins og lagði til að fyrsta stjórnin yrði skipuð fulltrúum opinberra aðila ásamt fulltrúa frá Icepro.

Eftirtaldir buðu sig fram til stjórnar:

Halla Björg Baldursdóttir formaður
Eggert Ólafsson meðstjórnandi
Guðfinna B. Kristjánsdóttir meðstjórnandi
Bragi L. Hauksson meðstjórnandi
Örn S. Kaldalóns meðstjórnandi

Engar aðrar tillögur komu fram.

Framlögð tillaga að stjórn samþykkt samhljóða.

5. **Hugarflug um verkefni faghópsins**

Fundarmenn fengu fimm mínútur til að skrifa niður hugmyndir að verkefnum fyrir faghópinn.

Að því loknu bað fundarstjóri hvern og einn um að nefna eina hugmynd sem hann hafði ritað niður.

Fram komu fjölmargar ábendingar og hugmyndir. Áberandi voru vangaveltur um rafræn skilríki og um þörf á frekari fræðslu á því sem þegar hefur verið gert. Einnig nefndu nokkrir þörf á samræmdri þjónustugátt þar sem borgararnir geta gengið frá erindum sem tengjast fleiri en einni stofnun.

Allt sem fram kom er talið upp í fylgiskjali með fundargerðinni.

6. **Önnur mál**

Fram komu athugasemdir um samsetningu stjórnar, þ.e. um að einkafyrirtæki skyldu ekki eiga sinn fulltrúa þar. Umræða varð um málið.

Fundinum var slitið um kl. 18.

Að fundi loknum kom starfsmaður Þjóðskjalasafns að máli við stjórn og óskaði eftir því að fá á vettvangi hópsins að kynna reglugerðir og staðla varðandi langtíma varðveislu gagna sem koma út í vor.

Hugarflug á stofnfundi faghóps um rafræna þjónustu 28. janúar 2009.

Fylgiskjal með fundargerð.

Kanna hvar brýnasta þörfin er fyrir rafræna opinbera þjónustu annars vegar hjá almenningi og hinsvegar hjá opinberum stofnunum. Koma niðurstöðum á framfæri innan hópsins.

Stofnaður verði hópur innan faghópsins til að fjalla um hvernig megi bæta auðkenningu notenda.

Það sem þegar er til skrifað um roþ verði kynnt í faghópnum.

Spurt var af hverju faghópurinn einblínir á rafræna þjónustu frekar en stjórnsýslu.

Samræmd þjónustugátt

Rafrænar kosningar

Kynna þarf hvaða þjónusta er til í dag og hver stefnan er í málaflokknum

Klára rafræn skírteini

Fram kom að það bráðvantar þjónstugátt fyrir aðila sem eru t.d. að sækja um leyfi og þurfa að leita til margra aðila í því ferli.

Rafræn skilríki

Rafræn þjónusta í heilbrigðiskerfinu bæði á milli stofnana og til almennings

Fá fram stöðuna og klára þau verkefni sem eru í gangi

Miðlæg þjónusta

Gefa fyrirtækjum tækifæri til að kynna lausnir sem eru til

Þjóða í heimsóknir / vísindaferðir – kynna hvað stofnanir eru að gera

Einfalda aðgengi að þjónustu – verði meira íbúamiðuð

Þjónustumiðun

Fá kynningu frá öðrum sveitarfélögum og löndum sem eru komin lengra

Ræða hagnýtingu á rafrænu útboðskerfi fyrir ríki og svf.

Aðferðafræði við að innleiða rafræna þjónustu – er þörf á meiri miðstýringu og samráði við birgja

Auka samræmi um landfræðilegar upplýsingar

Vettvangur félagsins sé rafrænn amk að hluta

Vinna að þjónustutilskipun ESB og ræða um væntanleg áhrif hennar á rop

Hugað verði í tæka tíð að fræðslu fyrir starfsfólk sem á að vinna við nýjar lausnir

Ávinningur af verkefnum sé skýr og forgangsraðað út frá ávinningi

Kynna vel heppnuð verkefni með áherslu á aðdraganda og framkvæmd, hvernig selja menn verkefni innan stofnunar og fá menn með sér

Koma upp wiki fyrir hópinn – skrá þar öll verkefni sem verið er að vinna að í opinbera geiranum

Mörg verkefni eru að bíða eftir rafrænum skilríkjumog/eða lagabreytingum

Rafrænar kosningar – þarf að byrja á að útbúa rafræna kjörskrá

Samræmingarþátturinn – hver er þörfin á henni og á stöðlum

Safna saman sögu af vel heppnuðum verkefnum – þurfum að geta sýnt að verkefni skila miklu til baka

Rafræn skilríki – Haraldur frá fjármálaráðuneytinu býður fram upplýsingar

Búið verði til líkan um hvernig hægt er að sýna fram á hagræðingu og ávinning

Ýmislegt sem má bæta í ýmsum ferlum – t.d. að þurfa ekki að fara á staðinn með kvittanir

Rafræn skilríki

Staðlar – samhæfing – rafræn skilríki

Sameiginleg þjónustugátt - kortleggja verkefni – finna hverjir hafa náð árangri

Lagarammi varðandi staðlaða sendingar t.d.

Skilgreina rafræna þjón. í undirflokkum og svo meta fjárhagslegan ávinning af hverjum

Hverjum eigum við að selja? Hvar liggur frumkvæðið og getan til að gera eitthvað og taka ákvarðanir.

Tveir hvatar; að spara fé og að bæta þjónustu. Væri ráð að ræða við fulltrúa borgaranna, t.d. foreldrafélög, eldri borgara o.s.frv.

Árlegt verkefni – gefa út lista með 10 brýnustu verkefnum sem þarf að ljúka. Væri greidd atkvæði á umræðutorgi.

Skapa vettvang fyrir vefstjóra hjá sveitarfélögum og ríki

Rafrænar kosningar og kjörskrá – þrýsta á lagalegar breytingar

Vettvangur til að koma á samstarfi um þörf þróunarverkefni

ELISA öryggismál á sviði upplýsingatækni – er tilbúinn til að koma og kynna stofnunina

Hugbúnaðarhús séu inni í stöðlum og reglugerðum sem þjóðskjalasafn setur um vörslu gagna

Kynna hvaða fjármögnunarleiðir opinberar stofnanir geta haft til að fjármagna verkefni – sjóðir og styrkir – meðal annars evrópskir styrkir.